



## Fundargerð

### 17. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps í Löngubúð, Djúpavogi, föstudaginn 24.apríl 2020 kl. 10:00. Fundinn sátu Þorbjörg Sandholt formaður, Berglind Elva Gunnlaugsdóttir, Bergþóra Birgisdóttir, Hafliði Sævarsson og Sigurjón Stefánsson. Einnig sat Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir atvinnu- og menningarmálafulltrúi fundinn. Þorbjörg stjórnaði fundi.

Samþykkt að bæta bréfi frá Torfa Sigurðssyni við dagskrá.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Staðan í atvinnumálum vegna Covid-19
2. Skýrsla atvinnu- og menningarmálafulltrúa
3. Jarðeigendur Múla 1
4. Sýning Sigurðar Guðmundssonar
5. Önnur mál

---

#### 1. Staða í atvinnumálum vegna Covid-19

Nefndin hefur síðustu daga heyrt í mörgum atvinnurekendum í Djúpavogshreppi, með fjarfundum, símleiðis og í tölvupósti. Útlit er fyrir að það verði töluverð fækkun sumarstarfa, sérstaklega í ferðaþjónustu og margir að nýta sér hlutabótaleið. Verið er að fara yfir gögn varðandi atvinnuleysi. Það kom fram að vörur eru að hækka og flutningsgjöld há. Komið hefur fram að það er mikilvægt að fara í sameiginlegt markaðsátak í samstarfi við Austurbrú.

#### 2. Skýrsla atvinnu- og menningarmálafulltrúa

Halldóra Dröfn, atvinnu- og menningarmálafulltrú gerði grein fyrir þeim málum sem hún hefur unnið að s.l. mánuð. Búið er að kaupa nestisborð sem verða sett á ákveðna staði í Djúpavogshreppi. Halldóra Dröfn kynnti rafræn námskeið sem Austurbrú býður upp á fyrir stofnanir og ferðaþjónustuaðila og nefndin hvetur fólk til að nýta sér þau. Eggin, minjagripir eru komin í framleiðslu og Bóndavarðan er í vinnslu. Kjörbúðarverkefnið er í vinnslu og nefndin leggur áherslu á að það verði komið af stað í sumar. Austurbrú er að fara í verkefni þar sem skrásetja á gönguleiðir sem gaman væri að taka þátt í. Einnig eru hugmyndir um að funda með Austurbrú vegna verkefnis sem kallast úrbóttaganga, atvinnu- og menningarmálafulltrúa falið að fylgja þessu eftir.

#### 3. Jarðeigendur Múla 1

Guðmundur Einar Skagalín Traustason og Þeba Björt Karlsdóttir, jarðeigendur Múla 1 mættu til fundar undir þessum lið. Jarðeigendur sendu erindi til sveitarstjórnar, dagsett 21.mars þar sem þau óska formlega eftir að aflétt verði af þeim banni um lausagöngu hrossa. Nefndin þakkar Guðmundi og Þebu fyrir að gera grein fyrir sinni hlið á málinu. Formanni nefndarinnar falið að fylgja málinu eftir.

**4. Sýning Sigurðar Guðmundssonar**

Þór Vigfússon kom inn á fund undir þessum lið. Rætt var um fyrirhugaða sýningu Sigurðar Guðmundssonar í sumar.

**5. Önnur mál**

Bréf frá Torfa Sigurðssyni um upprekstur á Tungu í Álftafirði. Nefndin leggur til að upprekstrarsamningur við Torfa verði framlengdur um eitt ár.  
Næsti fundur nefndarinnar verður 7. maí kl. 16:15.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:45

Þorbjörg Sandholt var fundarritari